


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Þar sem sannleikurinn er fyrirlitinn, er mannúðinni hætt.
Helgi Pjeturss.



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Forn stjörnuathugunarstöð

(Sjá forsiðumynd).

Í rústum borgarinnar Chichen Itza, á norðurhluta Yucatanskagans í Mexíkó hefur fundist forn stjörnuathugunarstöð. Talið er að hún sé reist af Mayum á 10. öld e. Kr. Á efri hæð byggingarinnar voru gluggar, og gegnum þá fór stjörnuskodunin fram. Þessi forna menningarþjóð, Mayarnir, þurftu mjög á nákvæmum tímaltalsútreikningum að halda, vegna tímabundinna landbúnaðarstarfa, og hin háþróaða stjörnufræðikunnátta þeirra var þeim því til mikillar nytsemdar.

Stjörnufræði mun vera meðal elstu vísindagreina, sem stundaðar hafa verið á okkar jörð. Í fleygrúnum Assíríumanna kemur fram, að þá þegar hefur stjörnuskodun verið stunduð. Og í Norður-Evrópu eru til ýms forn mannvirki frá steinöld, sem benda til sérstæðra stjörnuathugana. Mest þeirra mannvirkja og kunnast er Stonehenge í Suður-Englandi, gerð úr miklum björgum, sem flutt hafa verið um langan veg, og er nútímamönnum lítt skiljanlegt, hvernig slíkt hefur verið mögulegt á þeim tíma, og með þeirri tækni, sem menn hafa þá haft yfir að ráða.

Inguar Agnarsson.

(Myndin er úr *Astronomie vom Altertum bis heute*, e. Joh. Dorschner o. fl.).

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 5. október 1977

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 5. október, 1977 og hófst kl. 21,00.

Fundinn sátu 23 manns.

Varaformaður, Helgi Guðlaugsson, setti fundinn í fjarveru formanns, Kjartans Norðdahl, sem nú er staddur í USA.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
2. Tilboð um kaup á hálfum hektara af landi félagsins í Laugardal — Benedikt Björnsson.
3. Drög að starfsáætlun F. N. veturinn 1977—1978, samin og borin fram af Kjartani Norðdahl. — Helgi Guðlaugsson les.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, 7. sept. og var hún samþykkt án athugasemda.

Benedikt Björnsson tók til máls og ræddi um kauptilboð í ½ hektara af landi félagsins í Laugardal. Sá sem gerir kauptilboðið er Þorkell Gunnarsson, Bankastræti 11, Reykjavík og vill hann greiða kr. 500.000,00 fyrir þessa spildu.

Síðan ræddi Benedikt Björnsson um húsið á Njálsgötu 40, og hvaða úrræði væru helst tiltæk til að ráða fram úr fjárhagserfiðleikum í sambandi við kaup á því. Lagði hann til að kauptilboð Þorkels Gunnarssonar yrði borið undir fundinn.

Benedikt sagði að þetta væri óvanaleg meðferð á kauptilboði, en þar sem knýjandi ástæður væru fyrir skjótum úrræðum, kvaðst hann mæla með þessari málsmeðferð.

Gunnar Grímsson bar fram svofellda tillögu:

Fundur í F. N. haldinn 5. okt. 1977 heimilar stjórn félagsins að selja ½ hektara úr landi félagsins í Laugardal fyrir ½ milljón króna. Ennfremur heimilar fundurinn að fé þessu sé varið til kaupa á húseigninni Njálsgötu 40, eftir því sem þörf er á. — Gunnar Grímsson.

Fyrri hluti tillögunnar var borinn undir atkvæði og samþykktur með 14 atkv. gegn 1.

Síðari hluti tillögunnar var borinn undir atkvæði og samþykktur með 15 atkvæðum.

Helgi Guðlaugsson las upp áætlun um félagsstarfsemi vetrarins, sem samín var af Kjartani Norðdahl, og er hún svohljóðandi:

DRÖG AÐ STARFSÁÆTLUN FÉLAGS NÝALSSINNA VETURINN 1977—1978:

Stjórn F. N. mun leitast við, í samráði við félagsmenn, að gera nánari starfsáætlun og framkvæmdatilhögun en þá, sem hér er lögð fram — en getur ef til vill stuðst við eftirfarandi hugmyndir mínar.

I. STARFSSTÖÐ F. N. AÐ ÁLFHÓLSVEGI 121, KÓPAVOGI

a) Haldnir verði eins og áður reglubundnir félagsfundir 1. miðvikudag hvers mánaðar.

b) Stundaðar verði sambandstilraunir eins og verið hefir, 4 daga í mánuði og ef til vill fleiri daga.

c) Stofnað verði til tiltekins fjölda fræðslu-erinda-funda fyrir almenning.

NÁNAR UM LIÐ A) Ég geri að tillögu minni að á næsta aðalfundi verði gerð sú lagabreyting að reglubundinni félagsstarfsemi verði frestað yfir sumarmánuðina júní—júlí og ágúst.

NÁNAR UM LIÐ C) Fræðslufundir fyrir félagsmenn verði haldnir annanhvern mánuð, helzt um leið og félagsfundir eru, en annanhvern mánuð verði efnt til opinberra funda. Þetta geta annast hvort heldur sem er félagsmenn eða utanfélagsmenn.

II. STARFSSTÖÐ F. N. AÐ NJÁLSGÖTU 40, REYKJAVÍK

a) Einusinni í mánuði eða ef of oft þykir, eigi færri en 4 fundir verði haldnir til nánari kynna meðal félagsmanna sjálfra (veitingar).

b) Haldnir verði fámennir miðilsfundir að frjálsum vali.

c) Í bókabúð hússins verði séð um sölu á Nýal og öðrum ritum og blöðum félagsins — ásamt e. t. v. öðrum skyldum ritum (innlendum og erlendum). Ásamt þessu verði veittar upplýsingar um F. N. og annað er snertir nýalsmál.

Stefnt verði að því að opna þessa starfsstöð í okt. n. k.

III. Ræddar verði hugmyndir um stofnun stjórnusambandsstöðvar í þeim anda er fram kemur í verkum dr. Helga Pjeturss.

Til þess stórmáls þarf sennilega að nota allar eigur félagsins til fjármögnunar.

ATHUGASEMD: Til þess að auka líkurnar á að þessi stórfraðkvæmd verði að veruleika, ætti að reyna af fremsta megni að auka við eitur félagsins með fjárfestingu á t. d. húsgögnum, tækjum, bókum o. s. frv.

IV. Félagsmenn verði hvattir til að láta meira til sín taka í sambandi við fjölmíðla, t. d. skrifa í dagblöð og tímarit, tala í útvarp og að rita greinar í tímarit félagsins meira en verið hefir.

V. Að reyna að fá félagsmenn til að sýna meira raunsæi í peningamálum, t. d. með því að greiða í hússjóð sérstakt gjald í hvert skipti sem húsið væri notað, og á það jafnt við um hinar tvær starfsstöðvar að Álþólsvegi og að Njálsgötu.

Kjartan Norðdahl.

Gunnar Grímsson skýrði frá fundi þeim, er haldinn var hér í stöðinni vegna farar Þorsteins Guðjónssonar á þing fyrirburðafraðinga í London, en á þeim fundi kom fram m. a. vegna símhringingar frá London meðan á þeim fundi stóð, að ný ráðstefna fyrirburðafraðinga verði haldin hér á landi í nóvember.

Vék Gunnar nú að þeirri tillögu Þorsteins, að þingi því, sem hér verður haldið í nóvember, yrði sýndur einhver sómi af hálfu félagsins, með því að taka þátt í einhverjum kostnaðarlið, sem því þinghaldi heyrir til, t. d. að bjóða þinggestum til einnar opinberrar kvöldvöku, þar sem þjóðlegur íslenskur fróðleikur væri kynntur. Gunnar spurði Þorstein, hvort hann gæti nefnt nokkra upphæð í þessu skyni.

Þorsteinn kvaðst ætla, að 50 þús. kr. framlag af hálfu félagsins mundi nægja.

Gunnar kvaðst hafa borið þetta mál undir 2 stjórnarmenn og hefði það fengið jákvæðar undirtektir.

Æskilegt væri að gestum væri beint í annan farveg áður en þeim yrði hleypt inn á Sambandsfund.

Atli Hraunfjörð lagði til, að þeir sem tækju þátt í miðilsfundum á mánudögum kæmu betur undirbúnir á fundina.

Pétur Ólafsson tók í sama streng, og Kristín Sigurðardóttir.

Hrafnhildur Norðdahl lagði til að öllum yrði bönnuð þátttaka á miðilsfundum nema félagsmönnum.

Gunnar Grímsson taldi að vandasamt væri að útiloka utanfélagsmenn frá miðilsfundum.

Fleiri lögðu hér orð í belg, þau: Sigríður Jónsdóttir, Atli Hraunfjörð, Kristín Sigurðardóttir og Ingvar Agnarsson.

Haukur Matthíasson kvaddi sér hljóðs: Þurfa þeir sem sækja miðilsfundi að bera undir félagsfundi hvernig þeir skuli haga fundum? Þeir sem vilja vera saman, eiga að fá að vinna saman í friði án þess að þurfa að sækja um leyfi til stjórnar eða félagsfunda.

Haukur bar fram svohljóðandi tillögu:

Fundur haldinn í Félagi Nýalssinna þann 5. október 1977 samþykkir að fela stjórninni að semja drög að lagabreytingum sem miða að því:

- 1. að Félag Nýalssinna verði lagt niður.*
- 2. Að stofnuð verði Félag Nýalssinna í Kópavogi og Félag Nýalssinna í Reykjavík og e. t. v. fleiri.*
- 3. Að F. N. í Kópavogi, Reykjavík og Akureyri stofni Samband Félaga Nýalssinna.*

Skal Sambandið vera sá aðili sem á og sér um eignir núverandi félags og aðstoðar félögin t. d. með því að veita þeim aðstöðu og fleira.

Drög þessi skal stjórnin leggja fram á desemberfundi F. N. svo mönnum gefist kostur á að ræða og íhuga þau í nokkurn tíma, en stefnt skal að því að þessi formbreyting komist til framkvæmda sem fyrst.

Haukur Matthíasson.

Helgi Guðlaugsson: Allir félagsmenn hafa rétt til að sækja mánu dagsfundi. Þeir eru fundir allra félagsmanna um allt land.

Helgi bar fram svohljóðandi tillögu:

Legg til að afgreiðslu þessa máls (um starfsáætlun) verði frestað til næsta fundar og þess óskað jafnframt að stjórn félagsins undirbúi málið betur áður.

Helgi Guðlaugsson.

Tillaga Helga var borin undir atkvæði og samþykkt með 9 atkvæðum gegn 4. Tillaga Hauks var því ekki borin undir atkvæði.

Þorsteinn Guðjónsson mælti með tillögu Hauks. Maður gekk í félagið fyrir mörgum árum, ekki í þeim tilgangi að vinna að framgangi Nýalstefnunnar, heldur til þess að koma öðru málefni inn í félagsstarf Nýalssinna. Gæti ekki hér verið ein af orsökum ósamþykkis á fundum félagsins? Ef félaginu væri skipt upp í hópa, skv. tillögu Hauks, þá mundi koma í ljós hverjir ynnu að málefninu af alhug og hverjir ekki.

Gunnar Grímsson taldi, að tvær starfsstöðvar gætu átt þátt í að leysa þær deilur sem staðið hafa. Hvor hópurinn um sig gæti þá unnið, hvor á sínum stað, í meira friði en annars.

Kristín Sigurðardóttir hvatti til að skipting félagsins yrði ekki, án langs undirbúnings. Hún kvaðst hafa mikla trú á starfsstöðinni í Reykjavík, til að bæta andrúmsloftið.

Pétur Gíslason: Félagið þarf að víkka. Þröngsýnin þarf að hverfa. Alltof langur tími fer í tillögur og samþykktir eða felling tillagna. Hér þarf námsstarfsemi. Löngun til að vita meira, læra hvað rannsókn er. Í félaginu þarf að ríkja ró og starfsgleði.

Ingvar Agnarsson gat þess, að á síðasta stjórnarfundum hefði verið samþykkt, að kynningarfundir í stöðinni að Álfrólsvægi 121, skyldu haldnir á hálfsmánaðarfresti.

Helgi Guðlaugsson taldi að þessi samþykkt ætti að falla undir starfsáætlun vetrarins, sem lesin var upp eftir Kjartani Norðdahl.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál, og sýndist sitt hverjum. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22,45.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 2. nóvember 1977

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, að Álfrólsvægi 121, Kópavogi, miðvikudaginn 2. nóvember 1977 og hófst hann kl. 21,00. Þátttakendur fundarins voru 24.

Formaður félagsins, Kjartan Norðdahl setti fundinn og stjórnaði honum og bað Ingvar Agnarsson að vera fundarritara.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Inntaka nýrra félaga.
2. Lesin fundargerð síðasta félagsfundar (I. A.).
3. Erindi (K. N.).
4. Félagsmál:
 - a) Tilkygning húsnæfndar Njálsgötu 40.
 - b) Vetrarstarf F. N.
5. Önnur mál.

Halldór Vigfússon Bústaðabletti 10, Reykjavík, sótti um innngöngu í F. N., og var hann samþykktur sem meðlimur félagsins.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, 5. október

1977. Atli Hraunfjörð óskaði viðbótar framan við það sem eftir honum var haft um miðilsfundi, og var þeim ummælum bætt framan við þau ummæli Atla, sem áður voru skráð á nefndum félagsfundi.

Aðrar verulegar athugasemdir voru ekki gerðar, og var fundargerðin síðan samþykkt.

Guðmundur Jónsson, Kópsvatni, taldi fundarsamþykkt síðasta fundar um þegar gerða sölu á landi Félags Nýalssinna í Laugardal, ekki rétta skv. lögum félagsins og bar hann fram eftirfarandi álit:

Guðmundur Jónsson óskar eftir bókun á þeirri yfirlýsingu, að hann, sem endurskoðandi Félags Nýalssinna álit, að land það, að Gröf í Laugardal, sem Guðrún Grímsdóttir gaf Félagi Nýalssinna, sé enn að öllu leyti í eigu félagsins. — Guðmundur Jónsson.

Nokkrar umræður urðu um mál Guðmundar, og fletti formaður upp í lögum félagsins, til stuðnings máli sínu gegn ályktun Guðmundar.

Erindi: Entelekhía (Lífaflsvæði) líkamans. Formaður, Kjartan Norðdahl, flutti frumsamið erindi, er hann nefndi *Entelekhía*, og fjallaði um ýms atriði í kenningum dr. Helga Pjeturss, og einkum um það atriði er ýmsir telja sig fara út úr líkamanum og fara sálförum og um framkomu látins manns á öðrum hnetti, og aðdraganda þess flutnings milli dauðastundar og endurlíkömunar á öðrum hnetti, en K. N. dregur í erindi þessu þá ályktun. eftir ýmsum framlíffssögnum, að einhver tími líði milli þessara tveggja atburða.

Pétur Gíslason mælti á þessa leið: „Entelekhía er það sama sem ég kalla *Litningasamband mannsins*. Litningasambönd lifandi vera eru lífsambönd. Litningasamband mannanna er vittegund. Litningarnir skiptast og sameinast. Ég nota efnafræðilegan skilning. Litningasamband unglings hefur guðlegt samband og það þroskast því upp í litningasamband fullorðins manns. Til þess að litningasamband unglings geti þroskast upp í litningasamband fullorðins manns, verður eitthvað sérstakt að gerast.

Til eru litningasambönd sem ná yfir heilar vetrarbrautir, þau fela í sér allt líf. Litningasambönd eru þrædir. Þessvegna sjást þeir stundum við dauða manna, því þeir ná milli hnatta og vetrarbrauta. Litningar eru þrædir, og þræðirnir eru straumar. Hið guðlega vit reynir að skapa sig í öllu viti.“

Haukur Matthíasson mælti: „Ég vil þakka Kjartani Norðdahl fyrir erindi hans. Þessi skilningur ætti að gera mönnum auðveldara um skilning á flutningi milli hnatta. Hér ræðir Kjartan um millibilsástand milli jarðlífs og framlífs á öðrum hnetti“.

Kjartan Norðdahl: „Hvað veldur hinum þráláta skilningi sálarannsóknarmanna um andleg tré, steina, fugla, líkami í öðrum heimi. Ég vil reyna að leysa þennan skilning sálarannsóknarmanna með því að reyna að skilja þetta millibilsástand milli lífs og dæmna“.

Félagsmál.

Helgi Guðlaugsson talaði um húskaupin á Njálsgötu 40 og las upp eftirfarandi:

ÁVARP frá Húsnefnd:

Húsið Njálsgata 40 hefir nú verið lagfært svo að hægt er að hefja þar starfsemi alveg á næstunni. Á efri hæð hefir verið innréttaður dálítill salur eða stór stofa með eldhúsi og má vel halda þar 30—40 manna fundi. Á neðri hæð eru 3 rúmgóð herbergi sem ætluð eru fyrir fundi starfshópa og jafnvel fleira síðar.

Innréttingu húsnæðis fyrir væntanlega bókabúð í viðbyggingu er enn ekki lokið, en þó langt komið.

Um síðustu helgi var haldið samkvæmi með borðhaldi í þessum húsakynnum. Voru þar mættir flestir þeir sem mest og best hafa stuðlað að því að félagið gæti eignast þessa starfsstöð, með fjárframlögum og sjálfboðavinnu. Þetta voru með öðrum orðum nokkurskonar risgjöld, þó á þann óvenjulega hátt að þátttakendur greiddu sjálfir allan kostnað. Þarna voru mættir 26 manns, en ekki náðist þó til allra sem þar hefðu átt að vera.

Húsnefnd hefir hugsað sér að afhenda stöðina félagsmönnum til almennrar starfsemi, með því að boða til kynningarfundar með kaffiveitingum síðar í þessum mánuði. Þangað eru allir félagsmenn að sjálfsögðu boðnir og velkomnir, ásamt gestum sínum. Aðgangur verður seldur, en verði í hóf stillt. Þar verður nánar skýrt frá þessu máli öllu og þátttakendum gefst kostur á að ræða framtíðarstarfið og leggja fram tillögur. Þessi samkoma verður nánar auglýst síðar.

Kjartan Norðdahl las upp starfsáætlun fyrir komandi vetur, nokkuð breytta frá fyrri áætlun. Var þar m. a. minnst á þann möguleika, til að standa straum af kostnaði, að hver sá sem sækti fundi í félaginu greiddi þátttökugjald.

Þórarinn Helgason kvaddi sér hljóðs. Kvaðst hann vera undrandi á sumum liðum starfsáætlunarinnar. Kvaðst hann hafa gengið í félagið, þegar annar var formaður félagsins, og líkaði þá yfirleitt vel á félagsfundum. En síðar breyttist þessi félagsandi, og hefur mestur hluti funda, eftir að Kjartan Norðdahl tók við stjórn félagsins farið í að ræða um húskaupamál, og því m. a. haldið fram, um nauðsyn þessa húskaupamáls, að of erfitt sé að sækja fundi suður í Kópavog. Virðist þó ekki skorta farartæki milli þessara staða.

Til þessara framkvæmda þarf svo auðvitað peninga. Og mér virðist að Kjartan Norðdahl og Helgi Guðlaugsson hafi verið harðir í því að krefja aðra um peninga. Ég hef átt börn og barnabörn og barnabarnabörn. Mínar tekjur eru aðeins ellilaun, og ég hef auk þess fengið um 25 þúsund krónur á ári fyrir erindaflutning í útvarpi. Þetta er ekki mikið fé, einkum ef húsið er í leiguhúsnæði. Nú skilst mér, að eigi að taka sérstakt gjald fyrir hvern þann fund, sem einhver sækir, í húsum félagsins. Er þetta tilraun til að flæma fátækt eldra fólk úr félaginu? Svo virðist mér. Hver er tilgangurinn með þessari fjárfestingu á Njálsgötu 40? Þarna er fjárfest í húsgögnum og fleiru. Ég mun bjóða Helga Guðlaugssyni upp á umræður á opinberum vettvangi, þar sem umræður okkar beggja gætu þá borist til allra félagsmanna, hvar á landinu sem þeir eiga heima.

Haukur Matthíasson benti á, að eldra fólk þarf ekki að borga félagsgjöld, og hér á Álfrólsvegi 121 í Kópavogi hefur ekki þurft að greiða aðgangseyri.

Pétur Gíslason sagði, að Helgi Pjeturss hefði viljað, að þetta mál næði til allra manna. Kolumbus skildi að sigla mætti vestur frá Spáni og fann að komast mætti í kringum allan hnöttinn. Þetta varð til að víkka hugmyndirnar um heiminn. Íslendingar og Norðmenn skildu, að jörðin er hnöttótt. Kolumbusi var sýnd lítilsvirðing. Honum var loks gefið skip, en varla nokkur maður vildi ráðast til hans á skipið. Kolumbus hafði eytt öllu lífi sínu til að undirbúa þessa ferð. Þetta minnir sterklega á lífsstarf Helga Pjeturss. Hann sagði á gamals aldri, að allri ævi sinni hefði hann varið til að skilja hið mikilsverðasta málefni.

Þórarinn Helgason bar fram svohljóðandi tillögu til ályktunar:
*Fundur í Félagi Nýalssinna haldinn 2. nóvember, átelur hluta stjórnarinnar fyrir sölu á landi félagsins í Laugar-
dal. — Þórarinn Helgason.*

Guðm. Jónsson: Félagsgjöld eru nú um 5 þús. kr. á ári. Ég á heima austur í Hrunamannahreppi, um 100 km hédan. Ef ég ætti svo auk þess, að greiða inngöngugjald í hvert sinn, sem ég kæmi á fund, þá finnst mér vera allt of langt gengið.

Helgi Guðlaugsson kvað ákvæðið í greininni ekki vera ákveðið enn um aðgangseyri.

Fundarstjóri las upp tillögu Hauks Matthíassonar frá síðasta fundi um skiptingu félagsins í Félags Nýalssinna í Kópavogi og Félags Nýalssinna í Reykjavík. Var sú tillaga ekki rædd að þessu sinni.

Kjartan Norðdabl mælti: Ég fékk sérstakan áhuga á starfsstöð niðri í Reykjavík og taldi, að þá mundi koma á hvorn staðinn um sig, það fólk sem saman á og getur starfað saman.

Formaður las upp tillögu frá Ingvari Agnarssyni, um að á Álfrhólsvogi 121, skuli reynt að halda uppi kynningarfundum á hálfsmánaðarfresti eða oftár, ef einhver eða einhverjir verða til að sjá um undirbúning slíkra funda. Ákveðið var að þessi tillaga yrði liður í starfsáætlun vetrarins.

Pétur Gíslason bar fram tillögu um að vísa starfsáætlun vetrarins frá. Atkvæði féllu þannig að tillaga Péturs var samþykkt með 6 atkv. gegn 4.

Guðmundur Jónsson las upp greinargerð um landsölumálið, svohljóðandi:

Allt land í Laugardalshreppi er skipulagsskylt. Ef einhver vill byggja sumarbústað, mun hann þurfa að leggja fram fyrir hreppsnefnd skipulagsuppdrátt af landinu og teikningu af húsinu, sem síðan tekur ákvörðun um, hvort byggingin verður leyfð. Nú er mér kunnugt um samkv. viðtali við oddvita Laugardalshrepps, Þóri Þorgeirsson, að ráðamenn þar telja óæskilegt, að sumarbústaðir verði byggðir á landi Félags Nýalssinna. Það hefur að vísu ekki komið beint fram, að Þorkell Gunnarsson hyggist kaupa landið í þeim tilgangi, að þar verði byggður sumarbústaður, en líklegt má það samt telja. En mér finnst alveg fráleitt að selja land undir sumarbústað, nema fyrst liggja fyrir leyfi yfirvalda til slíkra nota á landinu. Það er því athugandi, hvort umrædd landsala geti verið fjársvikamál, en Þorkell mun nú þegar hafa greitt allt kaupverðið.

Kjartan Norðdabl bar fram svohljóðandi tillögu:

„Ég legg til að öllum frekari umræðum um félagsmál verði frestað.“

Tillaga hans var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Kjartan bar enn fram tillögu um að fresta atkvæðagreiðslu um tillögu Þórarins Helgasonar.

Voru 10 með þeirri tillögu, en 6 á móti.

Þar sem tilskilinn meirihluti náðist ekki með tillögu Kjartans, var tillaga Þórarins borin undir atkvæði. Voru 7 með en 12 á móti.

Þar sem mjög var orðið áliðið og fundur þessi orðinn einhver lengsti fundur félagsins, voru fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 0,10.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 7. desember 1977

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, miðvikudaginn 7. desember 1977 og hófst hann kl. 21,00.

Þátttakendur í þessum fundi voru alls 11.

Formaður félagsins, Kjartan Norðdahl, setti fundinn og stjórnaði honum, en Ingvar Agnarsson var fundarritari.

Inntökubeiðni í Félag Nýalssinna lá engin fyrir þessum fundi.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar frá 2. nóvember 1977, og var hún samþykkt eftir leiðréttingar á tveim athugasemdum, sem fram komu.

Kjartan Norðdahl tók til máls og ræddi um efni erindis þess, sem hann flutti hér á síðasta félagsfundi og nefndi „Entelekhíu“, eða lífafslvæði mannsins, um sálfarir og um bilið milli dauða og lifnunar einstaklings á öðrum hnetti.

Páll Steinarsson tók til máls: Sl. mánudagsnótt dreymdi mig, að ég væri staddur þar, sem mikill kraftur var að verki. Fannst mér eins og ég skynjaði til stjörnusambandsstöðvar á öðrum hnetti en mér þótti ég ekki geta líkamnast í þessari fjarlægju stöð. Ég sá til stjarna þessa hnattar, en fann að þarna gæti ég ekki komið fram.

Eftir þessa reynslu fór ég í draumnum að reyna að skilja þessa vangetu til að líkamnast þarna.

Ég fór að reyna að hafa hugsamband við mann á þessum fjarlægja hnetti, en tókst ekki. Og enn reyndi ég að hafa samband við mann á enn öðrum hnetti, en tókst engu betur. Síðast í draumnum fannst mér ég vera staddur innan um mína samstirninga

og sögðu þeir að ég hefði verið að tala eitthvert rugl. En ég sagði þeim, að ég hefði þarna átt mjög erfiða draumareynslu.

Kjartan Norðdahl tók til máls og ræddi um viðtöl sín við sálarrannsóknarmenn, og ef unnt ætti að vera að ræða við þá, þyrfti að finna rétta millileið.

Pétur Gíslason tók til máls og ræddi um Entelekhíuna, sálina, sem Kjartan Norðdahl ræðir um í erindi sínu. Helgi Pjeturss gerði ráð fyrir sál. Hann talaði um *induktion*, hleðslu. Hleðsla er efni. Hér þarf efnafræðilegur skilningur að koma til. Til að leiða fólk til skilnings á efnafræðinni, er hagkvæmt að byrja á efnafræði vatnsins. Ekkert getur búið til lifandi mynd manns nema litningasamband mannsins. Litningarnir eru þræðir, og á þeim byggist svipur og uppbygging hvers manns.

Litningar liggja umhverfis manninn og út fyrir manninn til annarra manna.

Lögmál efnafræðinnar þurfa að gilda í sálarfræði.

Helgi Pjeturss leggur áherslu á að í draumum sé eitthvað, sem leggur inn í manninn, utan að.

Til að gera samband við aðrar stjörnur skiljanlegt, verður að skilja að litningasamband manns nær yfir allar stjörnur og allar vetrarbrautir. Allir menn og öll dýr eru í litningasambandi við allar stjörnur og allar vetrarbrautir og allar yfirvetrarbrautir.

Páll Steinarsson: Í draumnum, sem ég sagði frá, fannst mér hálfpartin, að þessi draumgjafi minn hefði farið úr líkamanum og þó hálfpartinn ekki. Gæti verið, að til sé ófullkomin líkömun á öðrum hnöttum? Þess er getið í Nýal, að framkoma líkamningar guðlegra vera, verði stundum í gufuhvolfi þess hnattar, hátt frá jörðu, að þeir birtist stundum í skýjunum, en ekki ávallt á yfirborði hnattar.

Ekki skulum við leita eftir málamiðlun við sálarrannsóknarmenn, heldur aðeins leita eftir því sannasta og réttasta.

Kjartan Norðdahl sagði frá sérkennilegum draumi. Hann þóttist vera komin á annan hnött. En það sem honum þótti merkilegast var, að fólk þarna gat ekki séð hann.

Þetta er líkt og sumt fólk hefur talið vera sína reynslu.

Í lífaflsvæði mannsins er fólgin forskriftin að framlíflíkama hans. Hví skyldi þá maðurinn ekki geta séð og skynjað með lífaflsvæðinu einu saman, fyrst eftir líkamsdauðann, eða þegar menn komast nálægt því að deyja, og telja sig hafa um stund komist yfir í annan heim?

Kristín Sigurðardóttir minntist á frásagnir Eyjólfss Eyfells málara í útvarpinu nýlega, en þar kom fram, að hann var ekki í vafa um sálfarir.

Kjartan Norðdabl las upp skýrslu frá Gunnari Grímssyni um síðasta stjórnarfund, 15. nóv. 1977, en þar var borin fram tillaga og eftirfarandi stjórnarsamþykkt gerð um starfsemi í hinum tveim húsum félagsins; svohljóðandi:

Gunnar Grímsson bar fram eftirfarandi tillögu í máli þessu:

„Stjórnarfundur í F. N., haldinn 15. nóv. 1977 lýsir yfir þeirri skoðun sinni að hann telur ekki ástæðu til að leggja fram fastmótuð fyriræli um starfsemi félagsins fyrir vetrarmánuðina, sem í hönd fara. Hinsvegar væntir fundurinn þess að starfsemi félagsins geti farið fram jöfnum höndum að Álfhólsvegi 121 og Njálsgötu 40, svo félagsmenn geti eftir búsetu og áhugamálum valið um hvar þeir taka þátt í félagsstarfinu.

Telur fundurinn rétt að áhugamannahópar á hvorum stað komi sér saman um verkefni og starfsemi og hafi um það sem frjálsast val.

Mánaðarlegir félagsfundir verði haldnir að venju að Álfhólsvegi 121“.

Eftir stuttar umræður var tillaga þessi samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna.

Kjartan minntist á kynningarfund, sem hér var haldinn nýlega, og þar sýndi Ævar Jóhannesson skuggamyndir af lífgeislunar-fyrirbærum og skýrði frá gangi mála á ráðstefnu fyrirburðafraeðinga frá ýmsum löndum, sem hér var haldin í Reykjavík.

Kjartan minntist á nýútkomin eintök af Lífgeislum og Félagsblaði Nýalssinna og um frásögn Þorsteins Guðjónssonar í Lífgeislum um för hans til Lundúna og þátttöku hans í ráðstefnu fyrirburðafraeðinga, sem þar var haldin, og flutning hans á erindi um heimspeki dr. Helga Pjeturss, á þeim fundi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22,40.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

UM KOMUNA TIL ANNARS HNATTAR

(Úr ritum Guðmundar Davíðssonar á Hraunum, Ósjálfráð skrift).

Sr. Jónas Jónasson prófastur skrifaði hjá mér 3. Nóv. s. 1.; og honum farast svo orð:

„ — — — En þegar dauðinn, sem þið svo nefnið, var liðinn hjá og eg vaknaði héra til fullrar meðvitundar og hugsana — þá brá mér í brún. Það fyrsta, sem eg hugsaði, var þetta: Hvar er eg? Er eg í geðheimum, eða hugheimum eða helheimum? Hvar er eg? Eg sá, að alt var svipað og á henni gömlu jörð okkar, en miklu fegurra þó. Hvar voru nú öll þessi svið, sem guðspekin hafði kent um? Hvar voru nú öll þessi hugarsmíði, sem hún talaði svo mikið um? Voru öll þessi hús, sem eg sá, þessar fögru byggingar, eintómt hugarsmíði? Voru öll þessi tré tómt hugarsmíði? Voru allir þessir aldingarðar tómt hugarsmíði? Voru allir þessir menn, sem eg sá, eintómur hugarburður — tómt hugarsmíði? Þessu gat eg ekki trúað; og eg lá lengi með aftur augun og reyndi til að átta mig, og komast að einhverri betri niðurstöðu með þetta. Þá heyrði eg yndislegan fuglasöng og því næst heyrði eg mannamál. Þá hugsaði eg með mér: Ekki geta fuglar, sem eg máskje gæti ímyndað mér að væri þarna og eg hefði máskje skapað með hugsun minni, farið að syngja fyrir mig. Og ekki gæti menn farið að tala — menn sem eg hefði búið til í huga mínum. Og þá hélt eg snöggvast, að mig væri að dreyma. Eg lægi heima í rúmi mínu og væri svona á milli svefnis og vöku. En þá heyrði eg alt í einu tvær raddir, sem eg þekti — hefði þekt á meðal þúsunda. Þá opnaði eg augun aftur og sá foreldra mína lúta yfir mig. Þeir óskuðu mig velkominn til þeirra. Til þeirra, hugsaði eg þá með mér. Nú, ef þetta er svona, þá er eg dáinn, og kominn á eitthvert land, þar sem foreldrarnir mínir eiga heima. Eg er þá lifnaður við aftur — upprisinn til eilífs lífs. Og þá áttaði eg mig á öllu saman. Og þeir fagnaðarfundir, sem urðu á milli foreldranna minna og mín. Eg þarf ekki að segja þér frá þeim. Þú getur ímyndað þér þá betur en eg lýst þeim. Þá varð eg strax var við sorg ástvina minna heima hjá sér. Og eg reyndi að kalla til ástvina minna um það, hve dásamlega mér liði. En enginn heyrði. Og síðan hefi ek komist að raun um það, að það er ómögulegt

að komast í samband við ástmenni sín, nema gegnum miðla, annaðhvort þau sjálf, eða aðra. — Já, svona vaknaði eg nú hérna á henni Fjörgyn, kæri vinur minn“.

Kona ein reit þetta hjá mér:

„ — — — Dauðinn, eins og þið kallið hann, var fyrir löngu farinn að hafa áhrif á mig og eins og að toga í mig. Og eg kveið fyrir dauðanum. Það sagði eg þér svo oft. En þú sagðir, að eg þyrfti ekkert að kvíða honum, og þú hughreystir mig og svo hvarf óttinn, eða hræðslan frá í bili, en einlægt, með sjálfri mér, var eg ógn hrædd við dauðann. Og ef hann hefði verið eins ægilegur og eg gerði mér í hugarlund, þá hefði líka verið ástæða til að óttast hann. En nú veit eg, að hann er í rauninni ekkert, nema lítill dvalartími, líkt eins og þegar maður sofnar að kvöldi og vaknar aftur eftir nokkurra klukkutíma svefn, í lengsta lagi. Svo er það búið þetta bil, sem þið kallið dauða. Engar kvalir, engin ógn eða skelfing — það er eins og örlítil draumlaus stund. Og svo þegar eg kom til sjálfrar mín aftur. Þá stund getur þú tæplega ímyndað þér, elskulegi vinurinn minn. Eg vissi ekki hvar eg var stödd. Eg sá engar myndir í kringum mig og ekkert herbergi. Eg sá himininn yfir höfði mér, heiðbláan — dökkheiðbláan og sól í heiði. Eg lá á einhverri strönd, á sjávar- eða vatnsbakka. Og eg sá margt fólk í kringum mig. Eg var alveg máttlaus og gat ekkert hreyft, nema augun í höfðinu á mér. En svo kom til mín kona, eða öllu heldur tvær konur. Þær lutu báðar ofan að mér og önnur þeirra sagði við mig: „Þá ertu loksins komin, elsku barnið mitt, elsku K. mín“, og kysti mig á ennið. Þá þekti eg hana undir eins — það var þá hún mamma mín. Hin konan kysti mig líka, á kinnina, og hún sagði við mig: „Vertu nú hjartanlega velkomin til okkar, elskulega K. mín“. Þá þekti eg óðar, að þetta var hún móðir þín. Og þær voru báðar orðnar svo unglegar og fallegar, eða fríðar, að eg varð alveg undrandi. Þú manst, að þær voru báðar farnar að bera á sér ellimerki, áður en þær fóru frá ykkur; en núna voru þær orðnar eins og ummyndaðar, og fegurð þeirra og fríðleika get eg ekki lýst með öðru móti. Æskuroðinn lék um vanga þeirra; augun glömpuðu af æskufjöri og málrómurinn var eins og fegurstur er hjá unglíngi. Svo var þar miklu fleira fólk, sem oflangt yrði að telja upp fyrir þér í þessu stutta bréfi. En þar var hann elskulegi pabbi minn og elskan hann E. bróðir minn. Þegar lítil stund var liðin frá því

að eg vaknaði þarna, og þegar eg var búin að þekkja þessa ástvini mína, þá tók pabbi minn mig upp, og bar mig eins og barn, í fanginu, inní ofurlítið hús, sem þar var nálægt; þar var eg lögð upp í inndælt, uppbúið rúm; og svo fóru allir út nema mæðurnar okkar. Eg var svo máttlaus, að eg gat ennþá ekki hreyft mig, og þó fanst mér eg vera alveg heilbrigð; og ekkert gat eg talað. Svo fóru þær, mæðurnar okkar, að strjúka mig alla hátt og lágt, frá hvirfli til ilja; og þá fann eg hvernig afl færðist í mig alla. Mér fanst eins og allir vöðvar styrkjast og vakna. Mest struku þær holbúkinn, frá hálsi, niðureftir, einkum í kringum lungun og hjartað, og svo höfuðið. Þegar þær höfðu gjört þetta nokkra stund, var eg orðin svo styrk, að eg gat farið að tala; og það fyrsta, sem eg spurði um, var það, hvað þetta væri, hvar eg væri og hvernig stæði á þessu öllu saman. Þá sögðu þær mér, hvernig komið væri fyrir mér: eg væri komin á landið þeirra — „landið lifenda“, sem þið svo nefnið, og hérna ætti eg að búa hjá þeim framvegis. Svo sögðu þær: „Sjáðu“. Eg veit ekki hvernig það var; en eg sá alt í einu heim til þín, elskulegi vinurinn minn, og eg sá sjálfa mig, að mér fanst, liggja í rúminu mínu; og eg sá ykkur standa hnípin og hnuggin í kringum rúmið mitt. Þá fyrst skildi eg til fulls, hvernig komið var. Og eg varð alt í einu svo glöð — svo glöð. Eg veit ekki hvernig á því hefir staðið, en það var eins og ósegjanlegur fögnuður læstist í gegnum mig alla — þó ekki yfir því að sjá ykkur hnuggin og grátin, heldur yfir því, að eg var nú orðin laus við gamla líkamann minn, sem lengi var búinn að vera mér til þrautar, og loks gat ekki lengur fullnægt sálinni. En svo alt í einu — nærri því á sömu stundinni, varð eg angurvær ykkar vegna, yfir því að þið skylduð vera svona hnuggin, yfir því að þið skylduð ekki skilja það og finna það, að nú leið mér svo afskaplega vel. Ó, eg vildi að þið hefðuð getað heyrt til mín, því að eg kallaði upp: „Ó, grátið ekki yfir mér. Eg er komin þangað, sem mér er ætlað að vera, og þar er yndislegt að vera“.

Guðmundur Davíðsson á Hraunum.

Úr bókinni: „Íslendingabyggð á öðrum hnetti“, útg. 1930.

Guðmundur gaf út tvær bækur með þessu nafni. Sú fyrri kom út árið 1929, og var að stofni til erindi, sem hann áður hélt á Saudárkróki og nefndi „Lífið á öðrum hnöttum“. Vakti það talsverða athygli, og þótti hann koma þar fram með nýstárlegar skoðanir á tilverunni. En að meginstofni var fyrirlesturinn ósjálfráð skrift, en svo var einnig um síðari bókina, sem hann lét frá sér fara um sama efni. — Ritstj.

Draumar og svefn

er fjórða bók Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum. Hún er 84 bls. í Nýalsbroti. Kaflafyrirsagnir gefa hugmynd um efni bókarinnar:

Merkileg draumlifun og sýn til þess, sem verða má (þýðing)
Draumar og svefn
Hvað dreymdi þig í nótt?
Er mark að draumum?
Samdreymi tveggja
Endurtekning drauma
Mótunarvald minninganna
Ótvíræð dæmi
Þrír draumar
Koffortslykillinn
Ekki „yfirskilvitlegt“
Hið skiljanlega og hið óskiljanlega
Árétting
Góð athugun
Undirvitundar- og sambandsskýring
Í hverju skyggni er falin
Sambandsskyn en ekki sálfarir
Um gamla athugun
Lítill athugun
Eftirtektarvert dæmi
Svefn og dauði
Flug
Sýn til annarra jarða
Kraftur frá stjörnunum
Skrifað í dagbók — að kvöldi 24. janúar 1973.
Eftirmáli

Bókin kostar kr. 700,00 og er til sölu hjá

FÉLAGI NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í Pósthólf 1159,
Reykjavík.

ASTROBIOLOGY

eftir Þorstein Guðjónsson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrrsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lífafllfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

ASTROBIOLOGY er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

ASTROBIOLOGY skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtíðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

EFNISYFIRLIT:

Forn stjörnuathugunarstöð. (Sjá forsíðumynd) I. A. ... Bls. 58

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 5. október 1977	— 59
Félagsfundur 2. nóvember 1977	— 63
Félagsfundur 7. desember 1977	— 68
Um komuna til annars hnattar. G. D.	— 71
Draumur og svefn eftir Þ. J. (Auglýsing)	— 74
Astrobiology eftir Þ. G. (Auglýsing)	— 75

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.